

## Re: Umsókn um aðstöðu (Stöðuleyfi)

**Til** : Bygg  
**Frá** : Formaður Ísafjörður <formadur.isafjordur@redcross.is>  
**Heiti** : Re: Umsókn um aðstöðu (Stöðuleyfi)  
**Málsnúmer** : 2021040081  
**Málsaðili** : Rauði krossinn á Ísafirði  
**Skráð dags** : 21.04.2021 14:13:27  
**Höfundur** : Formaður Ísafjörður <formadur.isafjordur@redcross.is>

Góðan dag.

Það hefur orðið framvinda í þessu máli. Jón Guðbjartsson í Kampa hefur gefið okkur leyfi fyrir söfnunargámum og 20 feta gámi við húsnæði Kampa í Sundstrætinu. Það er það besta sem okkur stendur til boða, þetta leyfi gildir í 1-2 ár. Á þeim tíma gefst vonandi færi á að finna varanlegri lausn.

Ég gef mér að það gildi það sama um þetta eins og um lóðina við Suðurgötu, loftmynd með afstöðumerkingu og skriflegt leyfi lóðareiganda. Jón vill formlegt bréf sem hann getur undirritað og tekið ljósrit af og haft hjá sér. Hvernig orðar maður svoleiðis bréf?

Bestu kveðjur

Dagný

---

**Frá:** Bygg

**Sent:** mánudagur, 12. apríl 2021 15:38

**Til:** Formaður Ísafjörður

**Efni:** RE: Umsókn um aðstöðu (Stöðuleyfi)

Sæl, Dagný

Er ekki best að ganga út frá því að þið fáið aðstöðu hjá Suðurgötu 9, Ísafirði?

Til þess að þessi umsókn fari á fund þá þarf tvennt:

**Samþykki allra lóðarhafa Suðurgötu 9**

**Merkt inn á loftmynd staðsetningu gáma.**

Það eru nú þegar um 2 gámar inni á lóðinni með samþykki eigenda.

Hefur eitthvað komið frá áhaldahúsinu?

Bestu kveðjur,

Helga Þ. Magnúsdóttir

-Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Umhverfis- og eignasvið

---

**From:** Formaður Ísafjörður

**Sent:** miðvikudagur, 31. mars 2021 10:26

**To:** Bygg

**Subject:** Umsókn um aðstöðu (Stöðuleyfi)

Góðan dag.

Rauði krossinn á Ísafirði hefur um árabil safnað saman notuðum fötum frá almenningi. Þessi föt hafa síðan farið til flokkunar og frekari vinnslu til Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu, þar hafa þau fengið framhaldslíf í búðum Rauða krossins, þar sem þau eru seld á lágu verði til þeirra sem á þurfa að halda. Einnig hafa þau farið í úthlutanir til fólks sem ekki hefur tök á að kaupa sér föt af ýmsum ástæðum, bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Það sem ekki telst nothæft til slíkrar úthlutunar hefur farið í að gera teppi sem nýtast við neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara um allan heim.

Við erum að missa aðstöðuna sem við höfum haft við Vestrahúsið og hefur ekki tekist að finna annað húsnæði.

Við þurfum pláss fyrir söfnunargámana og að auki pláss til að pakka fötunum í svokallaða tröllakassa til flutnings. Starfsmenn Eimskips hafa séð um að sækja kassana og koma þeim suður, þeir hafa lýst sig reiðubúna til að sækja kassana hvar sem okkur tekst að finna aðstöðu fyrir þá.

40 feta gámur gæti dugað sem pökkunaraðstaða og æskilegast fyrir okkur væri að fá stöðuleyfi fyrir slíkan gám við húsnæði Vesturafls, þar sem skjólstaðingar Vesturafls eru öflugustu sjálfbóðaliðar okkar við frágang fatanna til sendingar.

Ég er búin að senda póst á Áhaldahúsið og spyrjast fyrir hvort þar sé hægt að fá aðstöðu, annað hvort að hafa pökkunar gám við hlið söfnunargámana eða smá horn í húsinu sjálfu ef þar er pláss.

Ef hvorki er hægt að fá aðstöðu við Vesturafli eða Áhaldahúsið væri gott að fá ábendingu frá ykkur um hugsanlega staðsetningu fyrir þessa aðstöðu, að öðrum kosti verðum við að leggja niður fatasöfnunina og benda fólki á að losa sig við fatnaðinn í ruslið.

Bestu kveðjur

Guðrún Dagný Einarsdóttir  
formaður Ísafjarðardeildar Rauða krossins  
S: 866 5316